

Alþingi
Erindi nr. P 127/1805
komudagur 11.7.2002



ORKUSTOFNUN
Orkubúskapardeild

Grensásvegur 9 Sími - 569 6000
108 REYKJAVÍK Fax - 568 8896
os@os.is http://www.os.is

Alþingi - Iðnaðarnefnd
b.t. Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndarritari
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 2002
Tilvísun: 2002040015
Bréfalykill: 50.13

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis dags. 3. apríl 2002, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 640. mál.

Þess ber fyrst að geta að Orkustofnun átti fulltrúa í nefnd sem iðnaðarráðherra skipaði til að gera tillögur að umræddu frumvarpi. Stofnunin hefur því haft tækifæri til að hafa áhrif á gerð þess og stóð ásamt öðrum að þeirri tillögu sem frumvarpið byggir á.

Á undanförunum árum hefur miklum fjármunum verið varið til niðurgreiðslna á raforku til húshitunar án þess að löggjöf eða skýrar reglur um ráðstöfun þessa fjár hafi verið til staðar. Því er ljóst að brýnt er að skapa framkvæmdinni lagastoð.

Hér á landi hefur ekki verið unnið markvisst að orkusparnaði í sama mæli og víðast hvar í nágrannalöndunum. Víða er það gert með allháum orkusköttum. Hér hefur verið farin önnur leið: Húshitunarkostnaður er niðurgreiddur. Vissulega eru félagsleg rök fyrir þessari ráðstöfun auk eðlilegra byggðasjónarmiða. En þá verður að gæta þess að haga niðurgreiðslunni eftir föngum þannig að hún dragi ekki úr eðlilegum hvata til orkusparnaðar. Niðurgreiðsla á húshitunarráfmagni hefur hingað til verið því meiri sem meira er notað af orkunni og er þetta fyrirkomulag fest með 6. gr. frv. Að vísu er heimild til að setja þar efri mörk en tilhneigingin hefur verið sú að hækka það mark. Þar með hverfur náttúrulegur hvati til sparnaðar. Við þessu hefur þráfaldlega verið varað af hálfu Orkustofnunar. Því er brýnt að freista annarra leiða til orkusparnaðar. Orkustofnun leggur því til að hluta þess fjár sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði verði varið til orkusparnaðaraðgerða af ýmsu tagi. Ljóst er að talsvert svigrúm er til orkusparnaðar við húshitun, m.a. með bættri einangrun húsa og ekki síður upplýsingamiðlun til húseigenda um orkunotkun. Þessar aðgerðir munu draga úr kostnaði ríkisins við niðurgreiðslur og verða hagkvæmar þegar til lengri tíma er litið.


Samkvæmt því sem segir í 2. tölul. í V. kafla almennra athugasemda við frv. er ætlunin að leyfa smávirkjunum að njóta niðurgreiðslna án þess að slíkar virkjanir séu tengdar við raforkukerfið. Ekki verður þetta þó lesið beint af lagagreinum frv. Þvert á móti virðist í 9. gr. vera gert ráð fyrir því að öll niðurgreidd raforka fari í gegnum dreifiveitur. Huga þyrfti að þessu ósamræmi.

Orkustofnun er ætlað veigamikilið hlutverk sem eftirlitsaðila með framkvæmd laganna. Í ljósi þeirra breytinga sem væntanlegar eru á íslenska raforkumarkaðnum og þeirra verkefna sem Orkustofnun eru ætluð í því sambandi verður þetta að teljast eðlileg ráðstöfun. Til að tryggja

samræmda framkvæmd laganna er æskilegt að eftirlitið sé í höndum eins aðila í stað þess að láta þær dreifiveitur sem í hlut eiga bera ábyrgð á framkvæmdinni eins og nú er gert. Orkustofnun telur sig vera vel í stakk búna að takast á við þetta nýja verkefni.

Í ljósi þess sem að framan segir lýsir Orkustofnun sig samþykka frumvarpinu um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar með þeirri breytingu varðandi orkusparnaðaraðgerðir sem að ofan greinir.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þorkell Helgason', written in a cursive style.

Þorkell Helgason
orkumálastjóri